

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 26. ágúst 2009 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Jóhannes Indriðason og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Afsögn sveitarstjórnarmanns

Fyrir fundinum lá bréf Erlu Jónsdóttur sem segir af sér sæti í sveitarstjórn vegna búferlaflutninga. Oddviti kynnti bréfið og bauð Jóhannes Indriðason velkomin til starfa í sveitarstjórninni. Sveitarstjórn bókaði þakkir til Erlu fyrir samstarfið.

2. Kosning

- a. Oddvita og varaoddvita til eins árs

Adolf H. Berndsen var kjörin oddviti með þremur atkvæðum en Sigríður Gestsdóttir fékk tvö atkvæði.

Birna Sveinsdóttir var kjörin varaoddviti með þremur atkvæðum en Jóhannes Indriðason fékk tvö atkvæði.

- b. Fulltrúa í atvinnu- og ferðamálanefnd

Helga Ólína Aradóttir var kjörin í nefndina í stað Erlu Jónsdóttur

- c. Varamann í fræðsluefnd

Inga Rós Sævarsdóttir var kjörin í stað Erlu Jónsdóttur

3. Almannaáætlun vegna inflúensufaraldurs

Fyrir fundinum lágu drög að viðbragðsáætlun almanna vegna heimsfaraldurs inflúensu. Áætlunin sem verður unnin miðað við lögregluumdæmi sýslumannsins á Blönduósi er ætlað að segja fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða þegar til heimsfaraldurs inflúensu kemur. Áætlunin miðast við að atvinnulíf í landinu geti verið skert í ákveðin tíma þar sem hluti almennings verði rúmfastur vegna veikinda og dánartíðni verði umfram það sem búast má við í venjulegu árferði. Markmið áætlunarinnar er að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð við slíkar aðstæður. Einnig lá fyrir fundinum minnisblað vegna fundar 1. júlí sl. um áætlunargerðina með sóttvarnalækni og fulltrúa almannaáætlunarinnar RLS og fundargerð stýrihóps áætlunarinnar frá 31. júlí sl.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir hvernig áætlunargerðinni miðaði og að hve miklu leyti verkefnið snýr að sveitarfélaginu og sveitarstjórn.

4. Bréf:

- a. Félags fólks í frítímaþjónustu, dags. 15. júlí 2009

Með bréfinu er skorað á sveitarstjórnir að standa vörð um starfsemi félagsmiðstöðva og og frístundaheimila fyrir börn og unglinga. Þá er í bréfinu bent á aðild Íslands að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Bréfið var til kynningar.

b. Héðins Sigurðssonar, dags. 10. ágúst 2009

Bréfið er afrit af erindi sem framkvæmdastjóri lækninga HSB sendir félagi eldri borgara í A-Hún þar sem brýnt er á að dagvist fyrir aldraða verði komið upp í A-Hún. Umræður urðu um málið en ekki gerðar ályktanir og vísað til þess að málið sé ekki skýrt hvorki hvaða verkferla sé um að ræða né hvaða kostnaður myndi verða af rekstri dagvistar.

c. Félags skógarbænda, dags. 24. júlí 2009

Með bréfinu er leitað eftir fjárstuðningi við félagsstarf skógarbænda. Samþykkt að styðja við félagið með 10 þús. króna framlagi.

d. Framkvæmdastjóra UNICEF á Íslandi, dags. 28. júlí 2009

Með bréfinu er hvatt til að farið verið varlega í niðurskurð á opinberri þjónustu sem kunní að koma niður á heilsu og velferð barna.

Bréfið var til kynningar

4. Fundargerðir:

a. Tómsunda- og menningarmálanefndar, 9. júlí 2009

Fundargerðin var samþykkt

b. Tómsunda- og menningarmálanefndar, 16. júlí 2009

Fundargerðin var samþykkt

Í fundargerðinni var m.a. fjallað um Kántrýdaga. Sveitarstjórn bókaði þakkir til þeirra sem komu að undirbúningi hátíðarinnar og jafnframt til íbúa og gesta fyrir jákvæða og skemmtilega þátttöku.

c. Menningarráðs Nl. vestra, 25. júní 2009

Fundargerðin var til kynningar

e. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26. júní 2009.

Fundargerðin var til kynningar

f. Stjórnar byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún 24. ágúst 2009

Fundargerðin var til kynningar

g. Stjórnar SSNV 12. ágúst 2009.

Fundargerðin var til kynningar

5. Önnur mál

1. Oddviti greindi frá stöðu mála varðandi byggingu netþjónabús við Blönduós.
2. Farið var yfir hvernig stæðu hugmyndir og viðræður við Rarik um hugsanlega lagningu hitaveitu til Skagastrandar. Oddviti upplýsti að fyrirhugaður sé fundur um málið í næstu viku.
3. Fram voru lögð gögn um verkefnið Spákonufellshöfði og The Wild North sem sveitarfélagið er aðili að. Birna gerði grein fyrir stöðu verkefnisins sem fjallar um rannsóknir á fuglalífi og áhrifum ferðamanna á það.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10³⁵

Adolf H. Berndsen

Birna Sveinsdóttir,

Halldór G. Ólafsson

Sigríður Gestsdóttir

Jóhannes Indriðason

Magnús B. Jónsson.